

Nd. 287. Frumvarp til laga [178. mál]

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavörðna á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. des.)

Samhljóða þskj. 190 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 3. gr. laganna, á rétt til eftirtalinna atvinnuskírteina:

Vélavörður (VV.)

Réttindi: Vélavörður.

Vélstjóri III (VS. III)

Réttindi: Yfirvélstjóri, 750 kw. og minni + VV.

Vélstjóri II (VS. II)

Réttindi: 1. vélstjóri, 1500 kw. og minni + VS. III.

Vélstjóri I (VS. I)

Réttindi: Yfirvélstjóri, 1500 kw. og minni + 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð + VS. II.

Vélfræðingur IV (VF, IV)

Réttindi: 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð + VS. II.

Vélfræðingur III (VF, III)

Réttindi: 1. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð + VS. I.

Vélfræðingur II (VF, II)

Réttindi: Yfirvélstjóri, 3000 kw. og minni + VF. III.

Vélfræðingur I (VF, I)

Réttindi: Yfirvélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð.

Skírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.